

# 1273. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 11. desember 2024, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

**Mætt á staðfund:** Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Sigurður Sigfússon, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Jennifer Schröder, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Tómas Gabríel Benjamín, Þórir Hilmarsson, Selma Björk Grétarsdóttir varamaður, Þorvarður Bergmann Kjartansson varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

**Fjarverandi:** Harpa Sævarsdóttir og Vala Ólöf Kristinsdóttir.

**Gestir fundarins:** Ragnar Þór Ingólfsson og Þórir Gunnarsson, hagfræðingur ASÍ.

**Næsti fundur:** 8. janúar 2025

Halla Gunnarsdóttir, formaður VR, setti fund og bauð fundarfólk velkomið.

Dagskrá:

## 1. Fundargerðir 1271. og 1272. stjórnarfunda VR lagðar fram til samþykktar.

Halla Gunnarsdóttir lagði fram fundargerðir 1271. og 1272. stjórnarfunda VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við þær.

Fundargerðir voru samþykktar og undirritaðar.

Ragnar Þór Ingólfsson, sem lét af formennsku í VR þann 3. desember 2024 í kjölfar þess að hann var kosinn á þing í kosningum 30. nóvember, mætti sem gestur á fundinn kl. 17:35.

Arnþór Sigurðsson gerði athugasemd við dagskrá fundarins, lið #5 Kosning ritara stjórnar VR. Með réttu ætti að kjósa varaformann stjórnar, sagði Arnþór, í ljósi þess að varaformaður hafi tekið við sem formaður og því væri enginn starfandi varaformaður.

Halla sagði sinn skilning á reglum stjórnar og almennum reglum í félagasamtökum þann að ritari færðist í starf varaformanns við svona breytingar, en sé vilji til þess innan stjórnar að kjósa nýjan varaformann verði það að sjálfsögðu gert, undir lið #5.



## 2. Meðferð og undirritanir á fundargerðum

Halla skýrði frá breytingum á undirritun fundargerða, frá og með undirritun þessarar fundargerðar verði tekin upp rafræn undirritun í stað þess að fundargerðir verði undirritaðar á næsta fundi. Þessi breyting geri undirritun auðveldari fyrir stjórnarfolk og utanumhald skilvirkara.

## 3. Formaður lætur af störfum

Halla bauð Ragnar Þór Ingólfsson velkominn á fundinn og bauð honum að segja nokkur orð. Ragnar sagðist skilja sáttur við, félagið væri í góðum höndum og hann treysti stjórn og formanni. Hann þakkaði stjórn kærlega fyrir samstarfið, með sumum hafi hann starfað í meira en áratug en hann hefur verið í stjórn, sem stjórnarmaður og síðar formaður, í sextán ár. Hann kvaðst eiga eftir að sakna þessa, hjarta hans muni nú slá með verkalýðshreyfingunni á öðrum vettvangi – verkalýðshreyfingin eigi hæk í horni á þingi.

Ragnar sagði hann og Höllu hafa verið í nánú samstarfi og að það muni halda áfram. Hann þakkaði starfsfólki VR fyrir samstarfið, það hafi verið honum öflugt bakland. Takk fyrir mig, sagði Ragnar, frá dýpstu hjartarótum.

Halla þakkaði Ragnari fyrir hönd stjórnar og félagsins fyrir hans framlag síðustu 16 ár. Það sé hörkuvinna að vera í stjórn og standa í stafni félagsins, það sé í raun lífsstíll en ekki starf – eins og þau sem standa Ragnari nær viti vel. Ragnar kom inn í verkalýðshreyfinguna með trukki, sagði Halla, svo þjóðin og hún sjálf hafi tekið eftir. Hann hafi í raun breytt því hvað sé að vera formaður VR og það sé bæði eftirtektar- og viðröngarvert. Þegar hún líti yfir farinn veg síðustu ár, standi uppúr barátta Ragnars í efnahgs- og húsnæðismálum.

Hún þakkaði fyrir samstarfið og sagðist taka við góðu búi. Skrifstofa félagsins sé afar öflug sem sé vitnisburður um góða stjórnendur en einnig um Ragnar.

Þórir Hilmarsson mætti til fundar kl. 18:00.

Í umræðum tóku margir stjórnarmenn til máls og þökkuðu Ragnari fyrir samstarfið, rifjuðu upp kynni sín af honum og óskuðu honum góðs gengis í nýju starfi.

Ragnar fór af fundi um kl. 18:45.

## 4. Kynning á haustskýrslu Kjaratölfræðinefndar

Í máli fundarins er skjalið „Haustskýrsla KTN des 24, kynning“ til kynningar.

Halla kynnti inn á fundinn Þóri Gunnarsson, hagfræðing ASÍ, sem kynnti haustskýrslu Kjaratölfræðinefndar.

Kjaratölfræðinefnd (Ktn) var sett á laggirnar 2019 og er skipuð fulltrúum heildarsamtaka á vinnumarkaði sem leggja þarna fram sameiginlegan skilning á gögnum og tölfræði sem mestu varða við gerð kjarasamninga. Árið 2024 var merkilegt fyrir þær sakir að nær allir kjarasamningar losnuðu á árinu, sagði Þórir. Í skýrslunni er þróunin birt milli kjarasamninga.

Helstu niðurstöður benda til þess að áherslur samninga frá 2019 á hækkun lægstu launa hafi skilað árangri en laun verkafólks hækkuðu mest á tímabilinu, upp undir 60%. Laun félagsfólks Landssambands ísl. verzlunarmanna (LÍV) hækkuðu um 48% á meðan laun alls innan ASÍ hækkuðu um 50%. Samsetning launa er ólík eftir hópum, mest er um bónusa og kaupauka hjá verkafólki, iðnaðarfolk vinnur mesta yfirvinnu og verslunarfólk er með hæstu grunnlaunin. Munur milli hæstu og lægstu launa hefur minnkað frá gerð Lífskjarasamningsins árið 2019.

Sjá má skýrsluna í heild sinni á vef Ktn, [sjá hér](#).

Halla þakkaði Þóri fyrir kynninguna og sagði þetta mikilvægt innlegg í umræður innan félagsins fyrir næstu kjarasamninga.

Umræður

Að loknum umræðum fór Þórir af fundi um kl. 19:15.

## 5. Kosning ritara stjórnar VR

Halla sagði fyrir fundinum liggja að kjósa varaformann, í samræmi við umræður fyrr á fundinum. Hún sagði Ólaf Reimar Gunnarsson gefa kost á sér til varaformanns og spurði hvort fleiri byðu sig fram. Arnþór Sigurðsson gaf kost á sér.

Frambjóðendur kynntu sig og áherslur sínar fyrir fundinum og var síðan gengið til leynilegra kosninga.

Niðurstaðan var sem hér segir:

Ólafur Reimar fékk 11 atkvæði.  
Arnþór fékk 4 atkvæði.

Ólafur Reimar var kjörinn varaformaður.

Halla sagðist hafa leitað til Sigurðar Sigfússonar að taka við embætti ritara, og leitaði eftir mótframboðum.

Enginn bauð sig fram og var Sigurður sjálfkjörinn.

## 6. Kjaramálin – staðan

Fyrir fundinum lágu skjölin „VR gagnrýnir hækkun leikskólagjalda“; „Stjórn VR fordæmir atlögu SVEIT“ til afgreiðslu og „Áherslur Öldungaráðs vegna stjórnarmyndunar“ til kynningar.

Halla fjallaði um umræður á aukafundi stjórnar 29. nóvember sem haldinn var í kjölfar beiðni frá Félagi tanntækna og aðstoðarmanna tannlækna um samúðarvinnustöðvun félagsfólks VR sem vinnur á tannlæknastofum. Stjórnin samþykkti beiðni FTAT. Hún sagði að FTAT hafi undir samning í gær [10.12.2024]. Samþykkt VR hafi ýtt við málinu og ánægjulegt væri að samningur lægi nú fyrir.

Umræður

Sigríður Lovísa Jónsdóttir lagði fram fyrirspurn um félagsaðild en í vor samþykkti VR erindi til ASÍ þess efnis að vinna að því að skerpa á félagsaðild. Halla sagðist munu taka málið áfram.

Halla ræddi um yfirstandandi stjórnarmyndunarviðræður og sagði ýmis samtök hafa birt n.k. óskalista og hvatningar til flokkanna sem að viðræðunum standa um tiltekin málefni. Hún sagði mikilvægt að stjórnin taki umræðu um áherslur VR í þessum viðræðum, hvort ástæða sé til fyrir félagið að senda frá sér áskorun.

Umræður

Í umræðum var samþykkt samhljóða að vinna að áskorun til flokka í stjórnarmyndunarviðræðum um að leggja áherslu á málefni launafólks og hafna niðurskurðarstefnu. Slík áskorun verður skrifuð og send til stjórnar til samþykktar. Fyrir fundinum lá skjal frá Öldungaráði með áherslum ráðsins í stjórnarmyndunarviðræðum. Þetta skjal verður hluti af þeirri vinnu sem nú er að fara af stað varðandi áskorun frá stjórn til stjórnmalaflokka.

Halla fjallaði því næst um nýtt „stéttarfélag“, Virðingu sem mikið hefur verið til umfjöllunar í fjölmiðlum. Hún sagði SVEIT, samtök fyrirtækja á veitingamarkaði, hafa reynt að koma á sérkjarasamningum vegna starfsfólks síns, sem þau telja að henti þeim betur en þeir kjarasamningar sem fyrir séu. Samtökin hafi svo ákveðið að stofna stéttarfélag þegar þær tilraunir báru ekki árangur. Langstærstur hluti starfsfólks þessara fyrirtækja sé í Eflingu sem hefur gagnrýnt þetta stéttarfélag harðlega, en einnig í Einingu – lóju og mögulega öðrum félögum innan SGS. Ekki sé ólíklegt að reynt verði að fá fólk sem ætti að vera innan VR, t.d. í gestamóttöku, til að starfa eftir samningnum.

Halla sagði brýnt að stjórn VR láti einnig í sér heyra varðandi þetta og sendi frá sér yfirlýsingu, fjölmörg stéttarfélög hafi opinberlega gagnrýnt þetta. Hún kynnti drög að yfirlýsingu frá stjórn.

Umræður

Í umræðum var ein orðalagsbreyting lögð til við drögin. Drögin, að teknu tilliti til breytingatillögunnar, voru lögð fyrir fundinn og samþykkt samhljóða. Yfirlýsing stjórnar er sem hér segir (með breytingu og yfirllestri):

### **Stjórn VR fordæmir atlögu SVEIT að réttindum launafólks**

Stjórn VR fordæmir atlögu atvinnurekenda innan SVEIT, samtökum fyrirtækja á veitingamarkaði, að réttindum og kjörum launafólks á Íslandi. SVEIT hefur stofnað gult stéttarfélag sem gengur undir heitinu Virðing og útbúið „kjarasamning“ sem felur í sér beinar kjaraskerðingar fyrir starfsfólk í veitinga- og gistihúsaveiranum. Virðing uppfyllir ekki grundvallarkröfur sem gerðar eru til stéttarféлага, heldur er um að ræða félag sem er stofnað af atvinnurekendum sem síðan semja við sjálfa sig, fremur en að semja við starfsfólk. Þar með flokkast Virðing sem gult stéttarfélag en slík félög grafa undan réttindum og hagsmunum launafólks og ganga í raun erinda atvinnurekenda.

Stjórn VR tekur heilshugar undir gagnrýni Eflingar og SGS á SVEIT og hvatningu um að sniðganga félagið. Virðing beinir spjótum sínum að fólki í viðkvæmri stöðu, erlendu launafólki, ungu fólki og þeim sem þekkja síður réttindi sín á vinnumarkaði. Stjórn VR vill sérstaklega hvetja félagsfólk að hafa samband við VR ef atvinnurekandi fer þess á leit að viðkomandi gangi í Virðingu og/eða vinni eftir svokölluðum „kjarasamningi“ Virðingar. Kjarasamningur Virðingar er í öllum atriðum mun lakari en kjarasamningar VR og felur í sér skerðingu á kjörum starfsfólks í ferðapjónustu. Launataxtar eru lægri, dagvinnutímabil er lengra og nær inn á laugardag, uppsagnarfrestur er mun lakari sem og veikindaréttur og önnur réttindi eru skert verulega, svo fátt eitt sé nefnt. Kjarasamningur Virðingar gengur að auki gegn lögum um vinnumarkaðinn. Sjá nánar í umfjöllun á vef Eflingar og ályktun miðstjórnar ASÍ.

Framkoma Virðingar og SVEIT er að mati stjórnar VR svívirðileg atлага að réttindum launafólks og markar afturför í kjarabaráttu. Stjórn VR hvetur launafólk sem og atvinnurekendur til að hafna þessari atlögu. Samstaða á vinnumarkaði er mikilvæg þegar kemur að því að standa vörð um grundvallarréttindi launafólks og á það að vera sameiginlegt verkefni aðila vinnumarkaðarins að tryggja þau.

Halla fjallaði því næst um ákvörðun Fjarðabyggðar að feta í fótspor Kópavogsbæjar og hækka leikskólagjöld og draga úr þjónustu. Eins og hjá Kópavogi, séu fyrstu stundirnar í dagvistun á leikskóla fríar en að gjöld fyrir lengri vistun hækki mikið. Stjórn VR hafi sent frá sér yfirlýsingu þegar Kópavogur hækkaði gjöldin, og taldi Halla ástæðu til að gera slíkt hið sama nú. Hún las upp tillögur að yfirlýsingu.

Umræður

Í umræðum var ein orðalagsbreyting lögð til. Drögin, að teknu tilliti til breytingatillögunnar, voru lögð fyrir fundinn og samþykkt samhljóða.

Yfirlýsing stjórnar er sem hér segir (með breytingartillögunni og breytingum sem gerðar voru í yfirllestri):

### **VR gagnrýnir hækkun leikskólagjalda í Fjarðabyggð**

Stjórn VR gagnrýnir harðlega ákvörðun bæjarstjórnar Fjarðabyggðar að hækka leikskólagjöld frá og með mars á næsta ári og skerða þjónustu við fjölskyldur í sveitarfélaginu. Með þessari ákvörðun fetar bæjarstjórn sveitarfélagsins í fótspor Kópavogsbæjar sem fyrir ári hækkaði leikskólagjöld í bænum og dró úr þjónustu (sjá [ályktun stjórnar VR](#)). Þessar ákvarðanir hafa óhjákvæmilega í för með sér umtalsverða kjaraskerðingu fyrir launafólk.

Breyting á leikskólagjöldum í Fjarðabyggð mun leiða til mikillar hækkunar á gjöldum fyrir fjölmarga foreldra í sveitarfélaginu, hækkun fyrir dagvistun barns í fullri dagvistun nemur tugum prósentu, samkvæmt útreikningum Afls starfsgreinafélags. Þá mun skráningardögum fjölga en fyrir vistun á þeim dögum þurfa foreldrar að greiða aukalega (sjá hér [frétt á vef Afls](#)).

Stjórn VR ítrekar að leikskólamál eru kjaramál og skipta launafólk miklu máli. VR styður kjarabætur til leikskólafólks og telur brýnt að starfsaðstæður þess verði bættar. Styttning leikskóladags barna er af hinu góða, en sú stytting verður að vera samhliða styttingu vinnuvikunnar á hinum almenna vinnumarkaði.

Stjórn VR mótmælir því að sveitarfélög varpi allri ábyrgðinni á foreldra sem margir eru í þeim sporum að hafa ekki stuðningsnet, kjör eða aðstöðu til að bregðast við. Stjórnin hvetur sveitarfélög til að leita annarra leiða til að koma til móts við breytingar í umhverfi leikskóla en að skerða kjör launafólks og færa baráttuna fyrir jafnrétti kynjanna mörg ár aftur í tímann.

Reykjavík 11. desember 2024  
Stjórn VR

Í umræðum var rætt um aðrar hækkunir sveitarfélaga og skerðingar á þjónustu og var ákveðið að taka þau atriði til umræðu síðar.

### **7. Skipun í nefndir á vegum miðstjórnar ASÍ**

Fyrir fundi stjórnar nr. 1271 lá skjalið „Nefndir miðstjórnar ASÍ 2024 – 2026“ sem lá milli funda.

Halla fór yfir skjalið og sagði stjórnarfolk hafa komið til sín óskum um skipan í tilteknar nefndir. LÍV leggur til fulltrúa í nefndir, en VR leggur til hvaða fulltrúa koma frá félaginu. Stjórn fór yfir fulltrúa VR í nefndum ASÍ.

Í ljósi þess að Ragnar Þór hefur sagt sig frá formennsku í félaginu þarf að skipa nýjan fulltrúa í miðstjórn ASÍ. Það er landssambanda að ákveða hvern á skipa þegar sæti losnar, en varamaður er skipaður. Halla sagði það sameiginlega tillögu hennar og Eiðs Stefánssonar, formanns LÍV, að Halla taki sæti aðalmanns í miðstjórn, en hún var varamaður. Halla kvaðst jafnframt munu gefa kost á sér til varaforseta ASÍ en kjósa þarf einn varaforseta.

## 8. Starfs- og fjárhagsáætlun VR fyrir árið 2025

Fyrir fundinum lágu skjölin „Fjárhagsáætlun VR 2025“; „Gjaldskrá og niðurgreiðsla orlofshúsa“; Fjárhagsáætlun VR 2025 sundurliðun á sjóði“ og „Starfs- og fjárhagsáætlun VR 2025“ til kynningar og afgreiðslu.

Um er að ræða aðra umræðu starfs- og fjárhagsáætlunar félagsins sem lá milli funda.

Ekki var farið yfir skjölin um fjárhagsáætlunina sjálfa á fundinum þar sem ítarlega var farið yfir efni þeirra á fundi nr. 1271.

Á fundinum var hins vegar fjallað um skjalið með upplýsingum um gjaldskrá orlofshúsa og var sú umfjöllun að beiðni stjórnar. Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, fór yfir skjalið. Félagið niðurgreiðir gistingu félagsfólks í orlofshúsum. Niðurgreiðsla hefur hækkað um 49,5% á tíu árum og er núna að meðaltali kr. 19.604 fyrir hverja nótt. Niðurgreiðsla fyrir hverja selda nótt hefur hækkað um 81,5% á sama tímabili og er kr. 13.546. Á sama tíma hefur vísitala neysluverð hækkað um 39,7%.

Fyrir liggur tillaga um hækkun á leiguverði orlofshúsa en það hefur ekki hækkað í áratug. Dæmi um hækkun er frá kr. 696 til kr. 2.263 fyrir helgarleigu að vetrarlagi og frá kr. 2.493 til 8.859 fyrir vikuleigu að sumri.

Umræður

Að loknum umræðum var starfs- og fjárhagsáætlun VR fyrir árið 2025 lögð fyrir stjórn.

Samþykkt samhljóða.

## 9. Níu mánaða uppgjör VR

Fyrir fundinum lágu skjölin „Árshlutareikningur VR janúar til september 2024“; „Q3 lykiltölur 2024“ og „Uppgjör sjóða VR janúar til september 2024“ til kynningar.

Stefán fór yfir helstu lykiltölur í rekstri félagsins fyrstu níu mánuði ársins 2024. Í máli hans kom fram að félagsfólki hafi fjölgað um 2,8% á fyrstu mánuðum ársins samanborið við sama tímabil 2023. Afgreiðslum á skrifstofum, í síma og á rafrænan hátt hefur almennt fækkað, en fjölgun er á heimsóknum á vef og á Mínar síður.

Málum sem koma til kasta sérfræðinga kjaramálasviðs fjölgaði um 1,7% milli ára og þá fjölgaði einnig þeim sem sóttu um styrki í sjóði félagsins. Heildarupphæð greiddra sjúkradagpeninga hækkaði um 18% á milli ára og er hlutfall greiddra sjúkradagpeninga af iðgjaldi í sjóðinn nú 87,2%. Þá jókst atvinnuleysi félagsfólks á milli ára.

Rekstrartekjur félagsins eru um 258 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir en rekstrargjöld um 89 m.kr. lægri. Nafnávöxtun á sjóðum VR var 6,49% á fyrstu 9 mánuðum ársins og raunávöxtun var 1,49%.

Umræður

## 10. Áætlun um kostnað vegna sjálfbærnivegferðar VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Áætlun um kostnað á sjálfbærnivegferð VR“ til kynningar.

Stjórn fjallað um og samþykkti sjálfbærnivegferð félagsins á fundi nr. 1269 þann 9. október sl. Á fundi 1271, þann 13. nóvember óskaði Sigríður Lovísa Jónsdóttir eftir áætlun og sundurliðun kostnaðar vegna sjálfbærnivegferðar félagsins.

Stefán sagði erfitt að henda reiður á kostnað vegna sjálfbærnivegferðar félagsins að svo stöddu, ekki væri búið að afmarka verkefnið. Nú væri leitað eftir ráðgjafa til að vera félaginu innan handar í verkefninu og þegar því væri lokið verði farið í áætlanagerð. Áfallinn kostnaður væri um 400 þ.kr.

Umræður

## 11. Skattlagning á iðgjöldum og greiðslum úr lífeyrissjóðum

Fyrir fundinum lá skjalið „Söfnun og skattlagning á lífeyrisgreiðslum“ til kynningar.

Umfjöllun um þetta málefni er að óska Bjarna Þórs Sigurðssonar.

Stefán fjallað um hvaða áhrif það hefði að skattleggja inngreiðslur í lífeyrissjóð í stað þess að skattleggja útgreiðslur líkt og gert er í dag, en þetta hefur verið til umræðu í ljósi tillagna Flokks fólksins þar að lútandi í nýlegri kosningabaráttu til Alþingis.

Stefán sagði möguleg áhrif tvíþætt; áhrif á lífeyrispega og áhrif á afkomu ríkissjóðs.



Áhrif á lífeyrisþega:

Miðað er við ákveðnar forsendur varðandi aldur og laun lífeyristaka – 27 ára einstaklingur með 820 þ.kr. laun sem hefði töku lífeyris 67 ára - sem og réttindatöflu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2025.

Niðurstaðan er sem hér segir:

- Í núverandi kerfi væru réttindi 451.021 kr. eftir greiðslu á tekjuskatti, en við breytt fyrirkomulag væri útgreiðsla 357.096 kr. á mánuði.
- Í nýju kerfi missir lífeyrisþegi mögulega af persónuafslætti við töku lífeyris ef tekjur koma eingöngu frá lífeyrissjóða.
- Lífeyrir er almennt lægri en laun yfir ævina. Með þrepaskiptu skattkerfi kemur betur út að greiða skatt af lægri fjárhæð, þ.e. af ellilífeyri en aflaunum þar sem þau er almennt hærri en lífeyrir.

Niðurstaðan bendir til þess að það sé launafólki í óhag að breyta um skattafyrirkomulag iðgjalda í lífeyrissjóð. Munurinn nemur tæplega 94 þ.kr. á mánuði, eftir skatt, þar af má rekja kr. 64.926 til mögulegs missis persónuafsláttar og kr. 28.999 til þrepaskipts skattkerfis.

Áhrif á ríkissjóð:

- Ekki væri um nýjan skattstofn að ræða, heldur væri verið að flytja til í tíma hvenær skatttekjur berast.
- Ríkið fengi fjármagn strax sem hægt væri að nýta til uppbyggingu innviða eða hækka önnur útgjöld t.d. lífeyri.
- Spyrja verður hvort ríkið nái sama ábata og lífeyrissjóðir og í hvað fjámunirnir verða nýttir af ríkinu.
- Ef lífeyrissjóðir ávaxta fjármagn vel hagnast ríkið á því, þar sem tekjurskattur í framtíðinni verður hærri.
- Óvissa um hvernig skattkerfið muni breytast í framtíðinni.

Umræður

## 12. Starfssamningur formanns

Fyrir fundinum lá skjalið „Samningur um launakjör formanns des 2024“ til afgreiðslu.

Undir þessum lið fór formaður af fundi og sneri aftur við upphaf næsta dagskrárliðar.

Sigríður Lovísa, formaður launanevndar VR, fór yfir drög að samningi um launakjör formanns. Samningurinn kveður á um að nýr formaður taki sömu laun og önnur kjör og forveri hans í starfi.

Umræður

Að umræðum loknum var samningurinn lagður fyrir stjórn og samþykktur samhljóða.

## 13. Starfsáætlun stjórnar VR fyrir árið 2025

Fyrir fundinum lá skjalið „Starfsáætlun stjórnar VR 2025“ til afgreiðslu.

Halla fór yfir starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2025. Í henni er kveðið á um dagsetningar stjórnarfunda sem og annarra viðburða félags og stjórnar.

Engar athugasemdir voru gerðar við áætlunina og telst hún samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:33 .

